

Alþingi, Umhverfis og samgöngunefnd
sent í samráðsgátt Alþingis

Ísafirði 11. febrúar 2026

Umsögn; mál 157. löggjafarþing 2025–2026. Þingskjal 428 — 307. mál.
Stjórnartillaga. Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggst gegn tillögu í 3. kafla við A lið (Vatnasviðs) að virkjunarkostur Vestfirðir, Glámuhálendi, Hvanneyrardalsvirkjun R4159 A, verði tilgreindur í biðflokk. Lagt er til að virkjunarkosturinn verði í nýtingarflokki.

Í kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 sem er að fara í kynningu nú í febrúar eru sett eftirfarandi markmið um orkuvinnslu með vatnsafl:

3.4.1 Tryggja næga sjálfbæra orkuvinnslu á Vestfjörðum til framtíðar, með sem minnstum umhverfisáhrifum.

Leiðir að þessu markmiði:

Vinna að skipulagi og leyfisveitingu fyrir nýjar vatnsaflsvirkjanir og tengingu þeirra við flutningskerfið. Áhersla er á stærri virkjanakosti sem geta leyst kerfislægana vanda flutningskerfis raforku á Vestfjörðum og þá sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar.

Í skýringum við þessa stefnu segir síðan:

Orkuþörf Vestfjarða hefur vaxið hratt og mun halda áfram að aukast vegna orkuskipta og atvinnuþróunar. Á sama tíma er flutningskerfi raforku á svæðinu veikt. Enn vantar tvítengingu og afhending raforku er oft ófullnægjandi. Skjótasta lausnin á lágum kerfisstyrk og afhendingaröryggi er að bæta við meðalstórri vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum og nýta hana sem tvítengingu fyrir fjórðunginn. Sveitarfélögin þurfa því að beina sjónum að aukinni orkuvinnslu í fjórðungnum.

Vatnsafl og sjálfbær raforkuframleiðsla

Virkjun Hvalár mun duga fyrir núverandi orkuþörf Vestfirðinga. Til lengri tíma getur orkuþörfin vaxið enn meira. Meðalstórar vatnsaflsvirkjanir í Djúpi og á Glámuhálendi geta gegnt lykilhlutverki í framtíðarorkuöflun svæðisins. Við Ísafjarðardjúp eru nokkrir meðalstórir virkjanakostir. Austurgilsvirkjun er í orkunýtingarflokki og Skúfnvatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun eru í athugun í Rammaáætlun. Á Ströndum mun Kvíslatunguvirkjun brátt auka aðgengi að raforku. Aðrir stærri virkjanakostir eru annað hvort í verndarflokki eða hafa ekki verið teknir til umfjöllunar í rammaáætlun.

Afhendingaröryggi raforku stendur því lakast á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta vegna óhagstæðs samspils flutningskerfis og lítillar orkuframleiðslu innan landshlutans. Aukin orkuframleiðsla er forsenda fyrir því að hér verði bætt úr. Fáir kostir eru til nýtingar hvað varðar vatnsafl á Vestfjörðum og sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á að þeir virkjanakostir sem hafa verið til umfjöllunar verkefnisstjórnar um vernd og orkunýtingu landssvæða (Rammaáætlun) verði í nýtingarflokki.

Hvað varðar þá tvo virkjanakosti Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun sem nýta að hluta sama vatnasvæði þá ber að láta reyna á vilja framkvæmdaaðila til að ráðast í byggingu þeirra. Þannig megi hraða ákvörðun hvor virkjanakosturinn verði nýttur heldur fremur en fyrirfram að setja Hvanneyrardalsvirkjun í biðflokk og óljós tímamörk fyrir ákvörðun um Tröllatunguvirkjun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar síðan eftir að eiga fund með umhverfis- og samgöngunefnd til að fjalla um efni þessa þingmáls.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar